19. ágúst 2026

Efni: Orkugerðin, staða mála vegna lyktareyðingar og endurbóta

Til upplýsinga fyrir nágranna,

nú liggja fyrir tillögur frá finnskum ráðgjöfum vegna uppsetningar á svokölluðum biofilter til að fjarlægja lykt frá starfseminni.

Breytingar snúast um að hólfa verksmiðjuna og setja viðbótar útsog við þá staði þar sem helst verður til lykt. Með þessu minnkar í leiðinni sú lykt sem er innan verksmiðjunnar.

Jafnframt þarf að stýra hita- og rakastigi þess lofts sem er sogið út áður en það fer í biofilterinn. Það þarf mikla lagnavinnu til að stýra útsogi með þessum hætti.

Fyrir neðan má sjá teikningar af kerfinu ásamt biofilter sem verður utan við verksmiðjuhúsið.







Í sláturtíð í haust, er mesta álagið er á verksmiðjunni, þá verða gerðar mælingar til að tryggja að kerfið ráði við það mesta sem getur orðið.

Í framhaldi er hægt að ganga frá lokahönnun og undirbúa framkvæmdir.

Unnið verður í uppsetningu lagna og raka-/hitastýringar í vetur. Næsta sumar verður biofilter settur upp svo kerfið verði fullbúið fyrir sláturtíð 2027.

Í sumar hefur verið steypt yfir gólfið í hluta vinnslusalarins og settur í hiti í gólfið. Þetta auðveldar þrif sem dregur úr lyktarmengun, sjá mynd.

Annað verkefni er á lokastigi og það er tenging á svokölluðum „High pressure return“ sem skilar háþrýstri gufu til baka ketilsins og stöðvar gufublástur sem hefur verið frá ketilhúsinu sumum nágrönnum til ama. Sjá eftirfarandi mynd (rauði búnaðurinn).

Núverandi efnahreinsun verður keyrð áfram svo og ozonkerfið. Vonast er til að þessi tvö kerfi, nýtt móttökusíló og auðveldari þrif með lagfærðu gólfi dragi verulega úr þeirri lykt sem verið hefur frá starfseminni en ljóst að fullnaðarlausn verður ekki fyrr en með umræddum breytingum og biofilter.

Stjórn Orkugerðarinnar mun upplýsa nágranna um það hvernig þessum úrbótum framvindur uns þeim verður lokið.

F.h. stjórnar Orkugerðarinnar

Steinþór Skúlason stjórnarformaður

Fjármálaráðstefna

Fjármálaráðstefna 2026

Fjármálaráðstefna sveitarfélaga 2026 fer fram dagana 8.-9. október 2026. Ráðstefnan fer fram í Vör, farþegamiðstöð Faxaflóahafna við Skarfabakka, Skarfagarði 6-8.

8. október 2026

~~**Kl. 10:39**~~

Outlook

Ársþing SASS 29.-30.október 2026

From Ingunn Jónsdóttir <ingunn@sass.is>

Date Mon 2026-08-24 14:33

To Ásta Stefánsdóttir <asta@blaskogabyggd.is>; Hulda Kristjánsdóttir <hulda@floahreppur.is>; Fjóla Steindóra Kristinsdóttir <fjola@gogg.is>; aldis@fludir.is <aldis@fludir.is>; Einar Freyr <sveitarstjori@vik.is>; Anton Kári Halldórsson <anton@hvolsvollur.is>; sylviakaren@skeidgnup.is <sylviakaren@skeidgnup.is>; ellidi@olfus.is <ellidi@olfus.is>; Bragi Bjarnason <bragi@arborg.is>; iris@vestmannaeyjar.is <iris@vestmannaeyjar.is>; ingimar@hveragerdi.is <ingimar@hveragerdi.is>; eirikur@ry.is <eirikur@ry.is>; sigurjon@hornafjordur.is <sigurjon@hornafjordur.is>; hjalti@hornafjordur.is <hjalti@hornafjordur.is>; gudmundur@asahreppur.is <gudmundur@asahreppur.is>

Cc blaskogabyggd@blaskogabyggd.is <blaskogabyggd@blaskogabyggd.is>; Sveitarstjóri Flóahrepps <floahreppur@floahreppur.is>; gogg@gogg.is <gogg@gogg.is>; hruni@fludir.is <hruni@fludir.is>; myrdalshreppur <myrdalshreppur@vik.is>; hvolsvollur@hvolsvollur.is <hvolsvollur@hvolsvollur.is>; skeidgnup@skeidgnup.is <skeidgnup@skeidgnup.is>; olfus@olfus.is <olfus@olfus.is>; radhus@arborg.is <radhus@arborg.is>; postur@vestmannaeyjar.is <postur@vestmannaeyjar.is>; mottaka@hveragerdi.is <mottaka@hveragerdi.is>; ry@ry.is <ry@ry.is>; klaustur@klaustur.is <klaustur@klaustur.is>; afgreidsla@hornafjordur.is <afgreidsla@hornafjordur.is>; asahreppur@asahreppur.is <asahreppur@asahreppur.is>; sandradis@olfus.is <sandradis@olfus.is>; rosa@arborg.is <rosa@arborg.is>; shj@klaustur.is <shj@klaustur.is>; isleifur@asahreppur.is <isleifur@asahreppur.is>; eyglo@klaustur.is <eyglo@klaustur.is>

1 attachment (263 KB)

Bréf með kjörbréfum (1).pdf;

Ágætu bæjar- og sveitarstjórar.

Í viðhengi eru upplýsingar um komandi Ársþing SASS 2026 sem verður haldið á 29. og 30. október nk. í Hvolnum á Hvolsvelli.

Fylla þarf út rafræn kjörbréf sem nú eru aðgengileg á slóðinni Skráning á Ársþing SASS 2026 sem fram fer á Hvolsvelli 29. og 30.október – Fill out form en ganga þarf frá skráningu **fyrir 1. október nk.**
Eitt form gildir fyrir hvern þingfulltrúa en viðkomandi getur verið aðal- og varamaður hjá SASS og/eða HSL en skrá þarf nafn og netfang og svo merkt í viðeigandi reiti.

Mikilvægt er að skrá alla fulltrúa, þá sem hafa seturétt og gesti, rétt inn í skráningarformið.
Aðalmenn með atkvæðisrétt skulu skráðir sem þingfulltrúar, fjölda þingfulltrúa fyrir hvert sveitarfélag má sjá í töflu í meðfylgjandi bréfi. Aðrir fulltrúar sveitarfélaga, sveitarstjórar og gestir sem hafa ekki atkvæðisrétt skulu vera skráðir sem aðrir fulltrúar og gestir.

Hlökkum til að sjá ykkur sem flest á Hvolsvelli.

Kær kveðja,
Ingunn

Outlook

Boð á ungmennaráðstefnu: UNGT FÓLK OG LÝÐHEILSA

From Ragnheiður Sigurðardóttir <ragnheidur@umfi.is>
Date Mon 2026-08-24 15:31

4 attachments (4 MB)
Ungt fólk og lýðheilsa 2026_Kynningarbréf.pdf; Leyfisbréf 2026.pdf; UFL26_1920x1080_2.png; 1080x1080_2.png;

Kæra starfsfólk sveitarfélagsins,
Dagana 18.–20. september næstkomandi stendur Ungmennaráð UMFÍ fyrir ráðstefnunni **Ungt fólk og lýðheilsa** í Skólabúðum UMFÍ á Reykjum í Hrútafirði, undir yfirskriftinni **Blómstrum. Styrkjumst. Tengjumst.** Við óskum eftir að þessum upplýsingum verði komið áfram til starfsfólks ungmennaráða eða íþrótta- og tómstundafulltrúa hjá ykkar sveitarfélagi, sem geta kynnt viðburðinn fyrir ungmennaráðinu og hvatt ungmenni til að skrá sig.
Ráðstefnan er fyrir ungt fólk á aldrinum 15–25 ára og snýst um að efla andlega, líkamlega og félagslega heilsu í gegnum vinnustofur, samtal og hópefli um sjálfsmynd, lífsstíl, skjánotkun og tengsl. Auk þess verða fyrirlestrar og kvöldvökur á dagskrá. Á meðal gesta eru Ólafur Stefánsson og Skúli Bragi Geirdal, sem taka þátt í samtali við þátttakendur um líðan, samfélagsmiðla og heilbrigðan lífsstíl.
Þetta er kjörið tækifæri fyrir ungmennaráð til að senda fulltrúa - bæði til að efla eigin liðsheild og til að tengjast öðrum ungmennaráðum og virku ungu fólki um land allt.
Þátttökugjald er 15.000 kr. á mann og er þá innifalin gisting í tvær nætur, allar máltíðir, hressing og ráðstefnugögn. Í boði eru rútuferðir frá Reykjavík og Akureyri, auk ferðastyrks fyrir þau sem ekki nýta rútuna. Viðburðurinn er alfarið vímuefnalaus. Ef ungmenni eru yngri en 18 ára og koma á eigin vegum getur starfsfólk UMFÍ verið ábyrgðaraðili þeirra, gegn undirrituðu leyfisbréfi frá foreldrum eða forráðafólki.
Fjöldi þátttakenda er takmarkaður og skráning er opin til 8. september 2026, eða þar til uppselt er. Við hvetjum ykkur til að koma þessum upplýsingum áleiðis til viðeigandi starfsfólks og efla þannig þátttöku ungmenna úr ykkar sveitarfélagi. Í viðhengi er að finna efni sem hægt er að nota á samfélagsmiðlum og öllum er velkomið að nýta óhikað.
Takk fyrir samstarfið - við hlökkum til að sjá sem flesta fulltrúa í september.

- Skráningahlekkur: https://forms.gle/NYvwkLxmqctXdBXA8
- Viðburðurinn á Facebook: https://fb.me/e/4lmsdUpq9
- Allar upplýsingar á heimasíðu UMFÍ: https://www.umfi.is/vidburdir/ungt-folk-og-lydheilsa/ungt-folk-og-lydheilsa-2026/
- Myndband með stemningunni frá því í fyrra: https://vimeo.com/1219530940?share=copy&fl=sv&fe=ci

Bestu kveðjur, Ungmennaráð UMFÍ

Bestu kveðjur,
Ragnheiður Sigurðardóttir
Verkefnastjóri og starfsmaður Ungmennaráðs UMFÍ
Sími: (+354) 8671147

UMFÍ Ungmennafélag Íslands
umfi@umfi.is | www.umfi.is

Allar upplýsingar sem fram koma í þessum tölvupósti eru trúnaðarmál.
Þær eru eingöngu ætlaðar skráðum viðtakanda eða viðtakendum.
Öllum öðrum er óheimill aðgangur að þessum tölvupósti.

UNGMENNAFÉLAG ÍSLANDS
Engjavegur 6, 104 Reykjavík
568 2929, umfi@umfi.is

Reykjavík, 11. maí 2026

UNGT FÓLK OG LÝÐHEILSA 2026

Ungmennaráð Ungmennafélag Íslands stendur fyrir ungmennaráðstefnunni *Ungt fólk og lýðheilsa* dagana 18.–20. september 2026 í Skólabúðum UMFÍ á Reykjum í Hrútafirði.

Ráðstefnan er vettvangur fyrir ungt fólk á aldrinum 15–25 ára til að staldra við, efla sjálft sig og tengjast öðru fólki á svipuðu reki í öruggu og styðjandi umhverfi – án þess að þurfa að tilheyra ákveðnu félagi eða hópi.

Yfirskrift ráðstefnunnar í ár er: **Blómstrum. Styrkjumst. Tengjumst.**

Hún vísar til þess hvernig við getum eflt andlega, líkamlega og félagslega heilsu okkar í heimi þar sem áreiti, hraði og skjánotkun hafa sífellt meiri áhrif á daglegt líf.

UM RÁÐSTEFNUNA

Á ráðstefnunni fá þátttakendur tækifæri til að staldra við, skoða eigin líðan og átta sig á því hvað nærir þau og hvað dregur úr orku. Í gegnum vinnustofur, samtal og samveru verður unnið með sjálfsmynd, lífsstíl og tengsl – bæði í stafrænum heimi og utan hans.

Markmið ráðstefnunnar er að styrkja ungt fólk til að hafa áhrif á eigið líf og sitt nærsamfélag. Þátttakendur öðlast aukið sjálfstraust, læra að koma skoðunum sínum á framfæri og taka með sér reynslu og tengsl sem geta haft áhrif til framtíðar.

FYRIRLESTRAR

Meðal gesta ráðstefnunnar í ár eru þeir Ólafur Stefánsson og Skúli Bragi Geirdal.

Ólafur er einn fremsti handknattleiksmaður Íslands fyrr og síðar og býr yfir dýrmætri reynslu úr íþróttum, liðsheild og lífinu sjálfu. Skúli Bragi er sviðsstjóri hjá Netvís og hefur sérhæft sig í stafrænu umhverfi ungs fólks, áhrifum samfélagsmiðla og netöryggi.

Báðir munu þeir taka þátt í samtali við þátttakendur um líðan, skjánotkun, sjálfsmynd, samfélagsmiðla, pressu og mikilvægi tengsla, jafnvægis og heilbrigðs lífsstíls.

UMFÍ

UPPLIFUN SEM SITUR EFTIR

Dagskráin verður fjölbreytt að vanda; hópefli og samvera, áhugaverðir fyrirlestrar, hvetjandi vinnustofur og samtal við ráðafólk. Einnig verður boðið upp á kvöldvökur og ýmis skemmtilegheit sem skapa sterka heildarupplifun.

TAKMARKAÐUR FJÖLDI

Fjöldi þátttakenda er takmarkaður og því hvetjum við áhugasöm til að skrá sig tímanlega.

Þátttökugjald er 15.000 kr. fyrir hvern þátttakanda. Innifalið er gisting í tvær nætur, máltíðir yfir helgina, hressing, ráðstefnugögn og ferðir að mestu eða öllu leyti.

Rútur fara frá Reykjavík og Akureyri á föstudegi og til baka á sunnudegi, sem þátttakendur eru hvattir til að nýta sér. Hægt er að sækja um styrk fyrir ferðakostnaði ef rútan nýtist ekki.

Starfsfólk ungmennaráða, félagsmiðstöðva, íþróttahéraða og íþróttafélaga er hvatt til að koma með þátttakendum yngri en 18 ára. Ráðstefnan er einnig góður vettvangur fyrir starfsfólk til að hittast, bera saman reynslu og eiga samtal um starf með ungu fólki.

Ef ungmenni mæta á eigin vegum getur starfsfólk UMFÍ verið ábyrgðaraðili, að því gefnu að foreldrar eða forráðafólk veiti samþykki og undirriti þar til gert leyfisbréf.

Engin krafa er um að þátttakendur séu í ungmennaráði – allt ungt fólk á aldrinum 15–25 ára er velkomið.

SKRÁNING

Skráning er hafin og stendur til 8. september, eða þar til uppselt verður.

Smelltu hér til þess að skrá þátttöku.

Allar upplýsingar um ráðstefnuna má finna á heimasíðu UMFÍ.

Athygli er vakin á því að viðburðurinn er alfarið vímuefnalaus, þar á meðal hvað varðar rafsígarettur og nikótínpúða.

Ráðstefnan er styrkt af Erasmus+.

Fyrir hönd Ungmennaráðs UMFÍ,

Sara Jóhanna Geirsdóttir Waage

Sara Jóhanna Geirsdóttir Waage, formaður Ungmennaráðs UMFÍ.

Ungt fólk og lýðheilsa er vettvangur þar sem ungt fólk fær tækifæri til að blómstra sem einstaklingar, styrkjast í eigin lífi og tengjast öðrum á dýpri hátt.

Outlook

Skráning á Umferðarþing Samgöngustofu 2026

From Bjarklind Björk Gunnarsdóttir - SGS <bjarklind.b.gunnarsdottir@samgongustofa.is>
Date Mon 2026-08-24 15:10
To Fræðsla og forvarnir <fraedsla@samgongustofa.is>

1 attachment (1 MB)
Umferðarþing 2026. dagskráin.jpg;

Góðan daginn,

Opnað hefur verið fyrir skráningu á Umferðarþing sem haldið verður þann 22. september næstkomandi í Gamla Bíói. Yfirskrift þingsins í ár er *Ungt fólk og umferðin*. Á þinginu verður sjónum beint að stöðu, reynslu og viðhorfum ungs fólks í umferðinni, sem og þeim áskorunum og tækifærum sem felast í því að stuðla að auknu umferðaröryggi og ábyrgri þátttöku þeirra í samgöngum.

Sérfræðingar frá ólíkum sviðum deila þekkingu sinni og reynslu. Þá fáum við einnig tækifæri til að heyra beint frá unga fólkinu sjálfu og fá innsýn í hvernig þau upplifa umhverfi sitt í umferðinni og hvaða sjónarmið þau telja mikilvægt að hafa í huga til að stuðla að öruggari umferð.

Við værum mjög þakklát fyrir ef þið gætuð komið þessum upplýsingum áfram á ykkar fólk með þeim hætti sem hentar ykkur svo þingið fari ekki framhjá þeim sem hefðu áhuga á að mæta og taka þátt í deginum með okkur.

Í viðhengi læt ég fylgja með dagskránna sem hægt er að láta fylgja með í tölvupósti eða nota á ykkar samfélagsmiðlum.

Hér er skráningarhlekkur þar sem hægt er að skrá sig og nálgast frekari upplýsingar um þingið sjálft.

Ekki hika við að hafa samband ef þið hafið frekari spurningar!

Hlökkum til að sjá ykkur sem flest á Umferðarþingi í september 🙂

Með kveðju / Best regards,
Bjarklind Björk Gunnarsdóttir - SGS
Sérfræðingur í öryggis- og fræðsludeild / Promotional Leader

Samgöngustofa

Icelandic Transport Authority
Ármúli 2, 108 Reykjavík Iceland
Sími / Phone +354 480 6000
www.samgongustofa.is / www.icetra.is
Verndum umhverfið, prentum sem minnst
Fyrirvari við tölvupóst - email disclaimer

UNGT FÓLK og umferðin

Umferðarþing 2026

Dagskrá

9:00 Setning Umferðarþings

- Jón Gunnar Jónsson - forstjóri Samgöngustofu
- Ávarp
- Reynsluheimur ungs fólks - unglingur í 10. bekk
- Skólafræðsla og umferd.is - Bjarklind Björk Gunnarsdóttir, sérfræðingur Samgöngustofu

10:00 Kaffi

- Umferðaröryggisáætlanir sveitafélaga - Elín Ríta Sveinbjörnsdóttir, sérfræðingur í samgöngum hjá Eflu
- Smáfarartæki og stefna stórnvalda - Sigrún Helga Lund, prófessor við Háskóla Íslands
- Reynsluheimur ungs fólks - 18 ára ungmenni

11:30 Matur

- Breytingar á ökunámi - Sérfræðingar Samgöngustofu í ökunámi
- Ökuskóli 3 og þeirra aðferðir - Jón Haukur Edwald, framkvæmdarstjóri Ökuskóla 3
- Reynsluheimur ungs fólks - Háskólanemi
- Þróun og upplifun lögreglunnar á ungu fólki í umferðinni - Lögreglan

13:40 Kaffi

- Léttar hugleiðingar fundarstjóra - Óli Gunnar Gunnarsson
- Slysatölfræði og viðhorfsþróun - Gunnar Geir Gunnarsson, deildarstjóri öryggis- og fræðsludeildar Samgöngustofu
- Áhrifavaldar í lífi barna okkar, hvernig náum við til þeirra? - Markaðsstofan BIEN

15:00 Samantekt og lokaorð



Samgöngustofa